

Nd. **558. Frumvarp til laga** [260. mál]
um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–1988.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna falli brott.

2. gr.

3. mgr. 9. gr. laganna, sem verði 2. mgr., hljóði svo:

Leyfi til verslunar fyrir landið allt veitir leyfishafa rétt til smásöluverslunar utan lögsagnarumdæmis þar sem leyfi er gefið út. Lögreglustjóra á þeim stað er verslun á að reka hverju sinni er heimilt að takmarka leyfið við verslun með vörutegundir sem ekki er verslað með í því lögsagnarumdæmi.

II. KAFLI

Um brottfall laga um löggilta verslunarstaði.

3. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög og önnur lagafyrirmæli:

1. Opið bréf frá 28. desember 1836, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir, með tilliti til tilskipananna um þá íslensku kauphöndlun og skipaferðir.

2. Lög nr. 13/1903, um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík.
3. Lög nr. 48/1935, um verzlunarlóð Ísafjarðar.
4. Lög nr. 43/1919, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.
5. Lög nr. 31/1918, um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ólafsfirði.
6. Lög nr. 51/1919, um takmörk verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.
7. Lög nr. 29/1891 og lög 72/1907, um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík.
8. Lög nr. 30/1887, um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði.
9. Lög nr. 33/1897, um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði.
10. Lög nr. 18/1912, um stækkun verzlunarlóðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.
11. 1842 14. des. Opið bréf, viðvíkjandi fullgilding Seyðisfjarðar í Íslands norður- og austuramti, svo og Portlands eður Dyrhóla í Íslands suðuramti, til að vera kaupskaparpláz.
12. 1846 23. des. Opið bréf um skipun tveggja kaптúnastæða á Íslandi við Þórshöfn í norðausturamtinu og á Borðeyri við Hrutafjörð í vesturamtinu.
13. 1863 19. jan. Opið bréf um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi.
14. 1867 22. marz. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.
15. Lög nr. 21/1875, um löggilding verzlunarstaðar við Blönduós í Húnavatnssýslu.
16. Lög nr. 13/1877, um löggilding verzlunarstaðar í Þorlákshöfn í Árnessýslu.
17. Lög nr. 14/1877, um verzlun á Geirseyri við Patreksfjörð.
18. Lög nr. 14/1879, um löggiltan verzlunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi.
19. Lög nr. 26/1879, um kaптún við Kópaskersvog í Norður-Þingeyjarsýslu.
20. Lög nr. 27/1879, um löggilding verzlunarstaðar á Hornafjarðarós í Austur-Skaftafellssýslu.
21. Lög nr. 17/1881, um löggilding verzlunarstaðar á Hesteyri við Hesteyrarfjörð innan Ísafjarðarsýslu.
22. Lög nr. 18/1881, um löggilding verzlunarstaðar við Kolbeinsárós í Skagafirði.
23. Lög nr. 30/1883, um löggilding nýrra verzlunarstaða.
24. Lög nr. 29/1887, um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaftafellssýslu.
25. Lög nr. 3/1890, um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.
26. Lög nr. 4/1890, um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði.
27. Lög nr. 5/1890, um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu.
28. Lög nr. 6/1890, um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð.
29. Lög nr. 39/1905, um stækkun verzlunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð.
30. Lög nr. 7/1890, um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Héraðsflóa.
31. Lög nr. 4/1892, um löggilding verzlunarstaðar (við Ingólfshöfða (Kárahöfn) í Austur-Skaftafellssýslu).
32. Lög nr. 5/1892, um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði.
33. Lög nr. 39/1893, um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði.
34. Lög nr. 41/1893, um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði.
35. Lög nr. 42/1893, um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (í Gullbringusýslu).
36. Lög nr. 14/1894, um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (við Eyjafjörð).
37. Lög nr. 7/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Hrafneyri við Hvalfjörð.
38. Lög nr. 8/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi.
39. Lög nr. 9/1895, um löggilding verzlunarstaðar við Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði.
40. Lög nr. 10/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð.
41. Lög nr. 39/1895, um löggilding verzlunarstaðar (á Bakka og Bakkagerði) í Borgarfirði (í Norður-Múlasýslu).

42. Lög nr. 40/1895, um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga (austanvert við Miðfjörð í Húnavatnssýslu).
43. Lög nr. 41/1895, um löggilding verzlunarstaðar við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.
44. Lög nr. 42/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu.
45. Lög nr. 35/1897, um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð.
46. Lög nr. 36/1897, um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandar-sýslu.
47. Lög nr. 37/1897, um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum.
48. Lög nr. 38/1897, um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð.
49. Lög nr. 39/1897, um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu.
50. Lög nr. 36/1899, um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Ísafjarðarsýslu.
51. Lög nr. 37/1899, um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Strandasýslu.
52. Lög nr. 45/1901, um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
53. Lög nr. 46/1901, um löggilding verzlunarstaðar við Sandgerðisvík í Gullbringusýslu.
54. Lög nr. 41/1902, um löggilding verzlunarstaðar við Flatey á Skjálfanda.
55. Lög nr. 42/1902, um löggilding verzlunarstaðar við Járngerðarstaðavík í Grindavík.
56. Lög nr. 43/1902, um löggilding verzlunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa.
57. Lög nr. 54/1903, um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu.
58. Lög nr. 55/1903, um löggilding verzlunarstaðar við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu.
59. Lög nr. 56/1903, um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
60. Lög nr. 15/1922, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.
61. Lög nr. 57/1903, um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð.
62. Lög nr. 58/1903, um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu.
63. Lög nr. 59/1903, um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Pingeyjarsýslu.
64. Lög nr. 60/1903, um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu.
65. Lög nr. 35/1905, um löggilding verzlunarstaða.
66. Lög nr. 27/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð.
67. Lög nr. 65/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.
68. Lög nr. 66/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðar-sýslu.
69. Lög nr. 67/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
70. Lög nr. 68/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu.
71. Lög nr. 69/1907, um löggilding verzlunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.
72. Lög nr. 101/1935, um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.
73. Lög nr. 70/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi.
74. Lög nr. 71/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Eysteinseyri við Tálknafjörð.
75. Lög nr. 47/1909, um löggilding verzlunarstaða.
76. Lög nr. 48/1909, um löggilding Dalvíkur.
77. Lög nr. 48/1911, um löggilding verzlunarstaða.

78. Lög nr. 17/1912, um löggilding verzlunarstaða.
79. Lög nr. 39/1913, um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.
80. Lög nr. 42/1914, um löggilding verzlunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu.
81. Lög nr. 69/1915, um löggilding verzlunarstaðar að Höfn í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
82. Lög nr. 28/1918, um löggilding verzlunarstaðar við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu.
83. Lög nr. 46/1919, um löggilding verzlunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.
84. Lög nr. 49/1919, um löggilding verzlunarstaðar við Gunnlaugsvík (sunnan megin Hvammsfjarðar).
85. Lög nr. 54/1919, um löggilding verzlunarstaðar á Mýramel (í Dýrafirði).
86. Lög nr. 20/1920, um löggilding verzlunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð.
87. Lög nr. 18/1921, um löggilding verzlunarstaðar á Sudureyri við Tálknafjörð.
88. Lög nr. 16/1922, um löggilding verzlunarstaðar að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð.
89. Lög nr. 9/1924, um löggilding verzlunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa.
90. Lög nr. 14/1924, um löggilding verzlunarstaðar við Málmeijarsund innan við Votaberg.
91. Lög nr. 20/1924, um löggilding verzlunarstaðar í Fúluvík í Staðarsveit í Snæfellsnes-sýslu.
92. Lög nr. 23/1925, um löggilding verzlunarstaðar á Hellnum í Breiðuvíkurbhreppi.
93. Lög nr. 8/1926, um löggilding verzlunarstaða.
94. Lög nr. 19/1927, um löggilding verzlunarstaða.
95. Lög nr. 18/1928, um löggilding verzlunarstaða.
96. Lög nr. 8/1929, um löggilding verzlunarstaða.
97. Lög nr. 20/1930, um löggilding verzlunarstaða.
98. Lög nr. 33/1930, um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.
99. Lög nr. 25/1931, um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.
100. Lög nr. 51/1931, um löggilding verzlunarstaðar að Rauðvík við Eyjafjörð.
101. Lög nr. 44/1935, um löggilding verzlunarstaða.
102. Lög nr. 46/1935, um löggilding verzlunarstaðar á Hvalskerri við Patreksfjörð.
103. Lög nr. 87/1935, um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkaslétu.
104. Lög nr. 96/1935, um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn (við Axarfjörð).
105. Lög nr. 64/1936, um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði.
106. Lög nr. 76/1936, um löggilding verzlunarstaða.
107. Lög nr. 23/1937, um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.
108. Lög nr. 14/1938, um löggilding verzlunarstaðar við Paralátursfjörð.
109. Lög nr. 86/1940, um löggilding verzlunarstaðar í Auðkúlubót í Auðkúluhreppi í Arnarfirði.
110. Lög nr. 14/1953, um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.
111. Lög nr. 27/1958, um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.
112. Lög nr. 37/1960, um löggilding á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.
113. Lög nr. 10/1967, um löggilding á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.
114. Lög 61/1905, um ákvörðun verzlunarlóða.
115. Lög nr. 47/1911, um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.
116. Lög nr. 32/1924, um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum.

III. KAFLI

Um brottfall ýmissa lagaákvæða um verslunarlóðir.

4. gr.

Eftirtalin ákvæði um verslunarlóðir falli úr gildi:

1. 2. gr. laga nr. 34/1895, um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar.
2. 1. gr. 2. mgr. laga nr. 61/1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
3. 3. gr. laga nr. 30/1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
4. 3. gr. laga nr. 48/1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
5. 3. gr. laga nr. 45/1941, um bæjarstjórn á Akranesi.
6. 3. gr. laga nr. 60/1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
7. 3. gr. laga nr. 57/1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
8. 3. gr. laga nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík.
9. 3. gr. laga nr. 109/1949, um bæjarstjórn á Húsavík.
10. 3. gr. laga nr. 30/1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

IV. KAFLI

Um niðurfellingu laga á sviði viðskiptamála.

5. gr.

Lög nr. 5 4. maí 1925, um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu, falli úr gildi.

6. gr.

Lög nr. 88 19. júní 1933, um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina, falli úr gildi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið í viðskiptaráðuneytinu í því skyni að afnema ýmis úrelt lagaákvæði, m.a. ákvæði um verslunarstaði, og stuðla með því að nauðsynlegri lagahreinsun í Lagasafni, en útgáfa nýs Lagasafns er nú í undirbúningi. Við samningu þessa frumvarps var óskað eftir umsögn Lagastofnunar Háskóla Íslands. Í umsögn Lagastofnunar komu fram ýmsar þarflegar athugasemdir og ábendingar sem jafnframt var höfð hliðsjón af við endanlega gerð þessa frumvarps.

Samkvæmt frumvarpinu verður verslun heimil hvar sem er í öllum lögsagnarumdæmum landsins eins og hún er í reynd, en sem dæmi um hin úreltu ákvæði má nefna að samkvæmt lögum nr. 13/1903, um stækkun verslunarlóðarinnar í Reykjavík, er verslun óheimil austan Rauðarárstígs og vestan Kaplaskjólsvegar og er hætt við að erfiðlega gengi að framfylgja þeim ákvæðum nú.

Nokkrir verslunarstaðir mynduðust snemma hér á landi þar sem saman fór blómleg byggð og allgott skipalægi frá náttúrunnar hendi, en með konunglegri tilskipun hinn 20. apríl 1602, þegar einokunarverslun var komið á fót hér á landi voru verslunarstaðir í fyrsta sinn löggiltir og mátti eigi versla utan þeirra. Voru þeir í fyrstu 20 talsins en fjölgaði fljótlega um einn og síðar um tvo til viðbótar. Á fæstum verslunarstaðanna myndaðist þó varanleg byggð, heldur var þar verslað í tjöldum og skýlum sem eigi voru byggð til frambúðar. Árið 1786, þegar einokunarverslunin var afnumin, voru sex verslunarstöðum veitt kaupstaðaréttindi en

réttindin voru afturkölluð til annarra staða en Reykjavíkur á næstu 50 árum. Stofnun kaupstaða hafði gefist vel annars staðar í ríki Danakonunga og orðið til þess að efla atvinnulífið víða um ríkið með því að stuðla að uppgangi verslunar og handverks.

Tilgangurinn með stofnun kaupstaða var að efla þéttbýlismyndun sem styrkt gæti atvinnu- og menningarlíf í landinu og eftir að Alþingi var endurreist árið 1843 kom fram þar mikill áhugi á löggildingu nýrra verslunarstaða og stofnun nýrra kaupstaða. Ekki voru þó allir þingmenn þessu hlynntir og töldu þeir að það yrði þjóðinni til skaða að dreifa verslun landsmanna á fleiri staði þannig að eigi kæmust upp öflugir verslunarstaðir.

Pegar fram liðu tímar voru æ fleiri staðir löggiltir til verslunar og sagði Tryggvi Gunnarson á Alþingi árið 1885 að „þar væri í seinni tíð löggiltir allir þeir verslunarstaðir, sem beðið væri um“. Þó var ávallt nokkur andstaða á Alþingi gegn þessari stefnu. Þegar rætt var um löggildingu verslunarstaðar á Skipaskaga við Lambhúsasund á Alþingi árið 1861 fór Pétur Pétursson, síðar biskup, með vísu sem hann sagði vera eftir gamlan Borgfirðing, en margir trúðu að hann hefði sjálfur gert. Var hún svohljóðandi:

Kaupstaður á Skipaskaga
skötnum verður mjög til boga
eftir sig hann dilk mun draga
drykkjurúta og letimaga.

Löggilding verslunarstaða var stefnuyfirlýsing ríkisins sem varð víða undirstaða blómlegs þéttbýlis. Leyfilegt var að stunda verslun á hinum löggiltu stöðum, en óleyfilegt utan þeirra. Menn áttu rétt á að fá lóð til verslunarrekstrar og var talið af framkvæmdarvaldinu að löggildingin heimiladi eignar- og leigunám á landi í því skyni. Landsyferréttur féllst þó eigi á þetta í máli sem upp kom vegna útmælingar verslunarlóðar á Vopnafirði árið 1884. Var þá borið fram á Alþingi frumvarp til laga sem m.a. hafði að geyma eignarnámsheimildir og varð stofninn að lögum, sem nú eru nr. 75/1917, þ.e. lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl. Þeim lögum er hins vegar ekki beitt lengur en um afmörkun lands fyrir verslunarþjónustu er fjallað í aðalskipulagi sveitarfélaga í samræmi við ákvæði skipulagslaga sem einnig hafa að geyma eignarnámsheimildir til þess að tryggja sveitarfélögum land undir byggðina.

Nú hefur löggilding verslunarstaða engin réttaráhrif ef frá eru skilin ákvæði í 9. gr. laganna um verslunarátvinnu. Ekki er heldur farið eftir lögnum að því er varðar mörk verslunarlóða eins og nefnt er dæmi um hér að framan, enda verður eigi séð að ákvæðin þjóni neinum skynsamlegum tilgangi lengur. Verslunin dafnar um land allt, en margir staðir, sem löggiltir voru sem verslunarstaðir, urðu það þó aldrei þar eð framtak einstaklinga og aðstæður til verslunar reyndust eigi vera í samræmi við hugsjónir þeirra er beittu sér fyrir löggildingunni. Verslunarþjónustu er nú markað landsvæði með umfjöllun um aðalskipulag sveitarfélaga og öll sveitarfélög eru skipulagsskyld.

Lögbinding verslunarlóða kaupstaða og löggilding verslunarstaða er merkilegur þáttur í sögu þjóðarinnar. Upptalning á gömlum lagaákvæðum þessa efnis á nú heima í sagnfræðiritum fremur en í næsta Lagasafni og er því gerð tillaga um að fella þau úr gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til samræmis við önnur ákvæði frumvarps þessa um niðurfellingu ákvæða um löggilta verslunarstaði er hér lagt til að fella á brott ákvæði verslunarátvinnulaga er binda tiltekin réttaráhrif við löggilta verslunarstaði. Í þessu skyni er felld brott 2. mgr. 9. gr. laganna. Að öðru leyti vísast til hinna almennu athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Vegna niðurfellingar á 2. mgr. 9. gr. verður núgildandi 3. mgr. að 2. mgr. 9. gr. verði frumvarpið samþykkt. Jafnframt er kveðið á um þann rétt er svonefnt landsöluleyfi til smásöluverslunar veitir. Í engu er breytt frá núgildandi skipan þeirra mála heldur er hér aðeins um að ræða breytingu vegna niðurfellingar lagaákvæða um löggilta verslunarstaði.

Á vegum viðskiptaráðuneytisins er hins vegar að störfum nefnd til endurskoðunar á lögum um verzlunaratvinnu og mun nefndin skila tillögum sínum til viðskiptaráðherra á næstunni.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að öll þau lög, er greinin nefnir, verði felld brott. Um skýringar við grein þessa vísast að öðru leyti til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 4. gr.–6. gr.

Í þessum greinum er lagt til að felld verði brott úrelt ákvæði um verslunarlóðir í nokkrum kaupstöðum svo og úrelt löggjöf á sviði viðskiptamála.

Fjórða grein er til komin sökum ábendingar frá Lagastofnun.

Í 5. og 6. gr. er lagt til að felld verði úr gildi lög sem augljóslega hafa ekki þýðingu lengur.

Að öðru leyti þarfnast greinar þessar ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

ÁLITSGERÐ

Til viðskiptaráðherra.

Frá Lagastofnun Háskóla Íslands.

I.

Með bréfi dags. 27. október 1987 fór viðskiptaráðherra þess á leit við Lagastofnun Háskóla Íslands að hún léti í té umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um löggilta verslunarstaði, en með frumvarpi þessu væri stefnt að lagahreinsun í Lagasafni Íslands eins og nánar væri greint í athugasemdum frumvarpsins.

Stjórn verkefnanefndar Lagastofnunar fól undirrituðum, Sigurði Líndal prófessor og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor, að semja framangreinda umsögn og fer hún hér á eftir.

II.

Fyrsti kafli laganna lýtur að breytingu á lögum nr. 41 10. maí 1968, um verzlunaratvinnu, nánar tiltekið 9. gr. þeirra. Við teljum breytingarnar eðlilegar til að ná því markmiði sem lýst er í almennum athugasemdum við frumvarpið og gerum ekki athugasemdir við þær.

Annar kafli laganna geymir ákvæði um brottfall laga um löggilta verslunarstaði. Þar gerum við þessar athugasemdir:

Í upptalningunni á lögum þeim, sem fella á úr gildi með 3. gr. frumvarpsins, þarf að lagfæra það sem hér segir:

3. Lög nr. 48/1927, um verzlunarlóð Ísafjarðar, verði lög nr. 48/1935.
4. Lög nr. 43/1918, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað, verði lög nr. 43/1919.
12. 1842, 23. des. Opið bréf um skipun tveggja kauptúnastæða á Íslandi við Þórshöfn í norðausturamtinu og á Borðeyri við Hrótafjörð í vesturamtinu; ártal verði 1846.
64. Lög nr. 59/1903, um löggilding verzlunar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu, verði lög nr. 60/1903.

Til viðbótar þeim lögum, sem talin eru upp í 3. gr. frumvarpsins, sýnist rétt að fella niður eftirtalin lög:

Lög nr. 47/1911, um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

Lög nr. 32/1924, um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum.

Enn fremur sýnist rétt að fella eftirtalin ákvæði um verzlunarlóðir úr gildi:

Lög nr. 34/1895, um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar, 2. gr.

Lög nr. 61/1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. mgr. 1. gr.

Lög nr. 30/1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 3. gr.

Lög nr. 48/1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 3. gr.

Lög nr. 45/1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 3. gr.

Lög nr. 60/1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 3. gr.

Lög nr. 57/1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 3. gr.

Lög nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 3. gr.

Lög nr. 109/1949, um bæjarstjórn á Húsavík, 3. gr.

Lög nr. 30/1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 3. gr.

Í lögum er sums staðar vikið að löggiltum kauptúnum, sbr. t.d. lög nr. 75/1917, um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl., og 29., 64. og 92. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Þótt vandalaust sé að leita slík ákvæði uppi sjáum við ekki ástæðu til að taka öll slík ákvæði til endurskoðunar.

Í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið segir að Alþingi hafi verið endurreist árið 1845. Réttara er að miða við árið 1843 þegar tilskipun um stiftun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþingi, var gefin út 8. mars það ár. Það kom hins vegar ekki saman fyrr en 1845.

Reykjavík, 29. desember 1987.

Sigurður Línadal.

Porgeir Örlygsson.